

málflutningsþóknun til talsmanns ákærða, Jónasar Aðalsteins-sonar héraðsdómslögmanns, er þykir hæfilega ákveðin 3.000.00 kr.

Dómsorð:

Mál ákæruvaldsins gegn Jóni Austmanni Símonarsyni er vísað frá sakadómi Reykjavíkur.

Allur málskostnaður, þar með talin málflutningsþóknun til skipaðs verjanda ákærða, Jónasar Aðalsteinssonar héraðs-dómslögmanns, kr. 3.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 23. september 1966.

Nr. 157/1966. **Ákæruvaldið**
 gegn
Gesti Elíasi Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Dómstólar.

Dómur Hæstaréttar.

Saksóknari ríkisins hefur samkvæmt 3. tl. 171. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. ágúst 1966. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og sakadómi Reykjavíkur dæmt skylt að heyja dómsrannsókn á hendur Gesti Elíasi Jónssyni skipstjóra samkvæmt kröfum saksóknara í bréfum 29. júní, 13. júlí og 4. ágúst 1966.

Saksóknari kveður kröfu sína um dómsrannsókn í máli Gestis Elíasar Jónssonar eigi bundna við ætlað brot gegn 24. gr. og 45. gr. laga nr. 58/1954, eins og yfirsakadómari ætlar.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða úrskurð með skirskotun til forsendna hans.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavík 9. ágúst 1966.

Ár 1966, þriðjudaginn 9. ágúst, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Samkvæmt skýrslu Ólafs L. Baldurssonar lögreglumanns kom Benjamín Jóhannesson, Melabraut 46, Seltjarnarnesi, inn á lögreglustöðina hér í borg kl. 2000 laugardaginn 2. apríl s.l. og tilkynnti, að bátur væri strandaður við Gróttu. Fór Ólafur ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum, nr. 14 og nr. 114, á vettvang. Hafði bátinn þá rekið frá landi ca. 800 metra, og virtist hann vera mannlau. Skammt frá honum var annar bátur á leið til lands, og eftir að lögreglumennirnir höfðu vakið athygli skipverja á hinum rekandi báti með því að setja rautt ljós og sírenur á lögreglubifreiðina, tóku þeir bátinn í tog. Um kl. 2150 voru bátarnir komnir inn í höfn, og dró dráttarbáturinn Jötunn bátinn seinasta spölinn til lands. Báturinn reyndist vera Jón Gestsson, GK 341, og var einn maður á honum, Gestur Elías Jónsson skipstjóri, til heimilis að Odda á Seltjarnarnesi, fæddur 10. nóvember 1905. Ólafur kveður, að við strand bátsins hafi leki komið að honum og hafi töluverður sjór verið í honum. Gestur Elías hafi verið illa til reika og virzt vera áberandi ölvaður, því að málfar hans hafi verið mjög ógreinilegt og hafi hann talað um, að verst væri, að allt væri búið úr vínflösku, sem hann hefði verið með í ferðinni. Hann var fluttur á slysavarðstofuna, þar sem tekið var af honum blóðsýnishorn og búið var um sár, sem hann hafði hlotið á fæti.

Samkvæmt vottorði Rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensens fundust í blóðsýnishorninu reducerandi efni, er samsvara 1.81% af alkóhóli.

Málið var síðan sent sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu til meðferðar.

Hinn 16. maí s.l. var málið tekið fyrir og kærði Gestur Elías yfirheyrður í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af fulltrúa sýslumanns og bæjarfógeta án meðdómsmanna. Framburður kærða var þessi: Hann kveðst hafa lagt af stað um kl. 1630 greindan dag á bátnum frá Hafnarfirði. Hafi þá verið sunnanátt og gengið á með eljum,

en þó nokkuð bjart. Þegar hann hafi verið kominn út undir Valhúsagrunn, hafi bylur skollið á aftur. Hafi hann haldið grunnslóð og farið með hægri ferð í éljunum og séð land við og við. Síðar hafi hann séð Suðurnesvörðuna á Seltjarnarnesi og tekið stefnu fyrir hana, en þá hafi skollið á bylur aftur. Hann hafi haldið áfram á hægri ferð, þar eð hann hafi haldið sig vera á réttri leið, enda hafi hann haft dýptarmælinn alltaf í gangi. Litlu síðar hafi hann séð bauju á bakborða og farið í námunda við hana til að vera viss um, hvaða baugja þetta væri og hafi þá komið í ljós, að þetta var baujan norðan við Kerlingarsker, en hún sýni grænt ljós. Hafi hann þá talið allt vera í lagi og haldið fyrir Gróttu, en rétt í því hafi birt til, svo að hann hafiséð Gróttu og alveg inn undir Akurey. Hann hafi svo haldið frekar djúpt fyrir Gróttu og síðan innan til á Akurey. Hann hafi síðan farið fram í lúkar, sem er sambyggður við stýrishúsið, til að ná sér í vindlinga og epli, sem hann geymdi þar. Hann hafi tekið vindlingana, en misst síðan meðvitund. Tekur hann fram í því sambandi, að í lúkarnum hafi verið gasvél í gangi og því þungt loft þar inni og hafi stundum ekki verið hægt að kveikja á eldspýtu, ef lúkarinn hafði lengi verið lokaður. Hann kveðst svo ekki hafa munað eftir sér, fyrr en komið var inn í Reykjavíkurhöfn, og var hann þá að horfa á tærnar á sér berar og sárar, en ekki kveðst hann vita, hvernig hann komst úr stígvélinu eða meiddi sig. Hann kveðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa eða neytt áfengis við siglinguna eða eftir að báturinn strandaði, enda hafi hann ekki haft hugmynd um strandið. Hann kveðst hafa verið drukkinn daginn áður og drukkið þá um tvær flöskur af brennivíni fram til kl. 2200 um kvöldið. Hann hafi ætlað sér að mála bátinn um kl. 1130 daginn eftir (2. apríl), en verið þá þunnur og illa fyrirkallaður, svo að hann hafi hætt því verki, þegar hann var búinn að mála sjólínuna á bátinn. Um hádegisbilið hafi hann drukkið smálögg af áfengi, sem hann átti eftir, og ætlar hann, að það hafi verið einn tvöfaldur áfengisskammtur miðað við mæla þá, sem notaðir eru á vínveitingastöðum. Kl. 1600 hafi veðrið verið farið að versna, svo að hann hafi ekki þorað annað en að fara með bátinn úr Hafnarfjarðarhöfn og halda til Reykjavíkur.

Með bréfi, dags. 8. júní s.l., sendi sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu endurrit af dómsrannsókn þessari til saksóknara ríkisins.

Með bréfi, dags. 29. júní s.l., til yfirsakadómarans í Reykja-

vík krafðist saksóknari ríkisins þess, að hinn fyrrnefndi héldi „rannsókn málsins áfram með því einkum að taka skýrslur af lögreglumönnum þeim, er á vettvang fóru, upplýsa þarf, hvaða bátur það var, sem dró bát kærða að landi, eftir að hann tók að reka út af Gróttu, hvort þeir bátsverjar hafi haft einhver samskipti við kærða, þegar þeir tóku að draga bát hans að landi og hvað þeir þá viti um ástand kærða og meint ölvunareinkenni, jafnframt því sem lögreglumennirnir verði eftir því inntir og málið að öðru leyti rannsakað, eftir því sem tilefni gefst til.“ Loks óskaði saksóknari þess, að málsskjölin yrðu honum endursend að rannsókn lokinni.

Yfirsakadómari endursendi saksóknara ríkisins málið með bréfi, dags. 11. f. m., og segir þar, að „mál þetta hefur af misgáningi verið sent yfirsakadómara með bréfi, dags. 29. f. m., í stað þess að senda það til yfirborgardómara, sem er bæði formaður siglingadóms og sjódóms Reykjavíkur.“

Með bréfi, dags. 13. f. m., sendi saksóknari ríkisins málið á ný til yfirsakadómara, og segir í bréfinu m. a., að „með því að í máli þessu er um að ræða meint brot á 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sem skv. 49. gr. sömu laga skal fara með að hætti opinberra mála, eru málsskjölin endursend yður og ítrekuð krafa um, að þér hlutizt til um, að teknar verði í sakadómi Reykjavíkur skýrslur af framangreindum vitnum, a. m. k. þeim, sem dvalarstað hefðu hér í borginni.“ Jafnframt var þess óskað, að málsskjölin yrðu endursend að rannsókn lokinni.

Hinn 22. f. m. var tekin fyrir í sakadómi Reykjavíkur krafa saksóknara ríkisins um, að dómurinn tæki skýrslur af fyrrgreindum vitnum. Dómurinn taldi rétt, að úrskurður gengi um það, hvort þessi krafa skyldi tekin til greina, og með bréfi dómsins, dags. 29. f. m., var saksóknara ríkisins sent endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur varðandi málið og skýrt frá því, að rétt þætti með hliðsjón af ákvæðum 74. gr. laga nr. 82/1961 að veita honum kost á því að skýra málið frekar, áður en greindur úrskurður gengi.

Með bréfi saksóknara ríkisins, dags. 4. þ. m., endursendi hann sakadómi Reykjavíkur skjöl málsins, og segir í bréfinu m. a.:

„Vegna þessa skal hér með af ákærvaldsins hálfu enn vísað til fyrri bréfa embættisins til yfirsakadómara, dagsettra 29. júní s.l. og 13. f. m., um mál þetta, um leið og skírskotað er til 3. mgr. 25. gr laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála, sem leggur það á vald saksóknara að kveða á um það, hvar eða fyrir

hvaða dómi rannsókn opinbers máls skuli fram fara, sbr. og upphaf 74. gr. sömu laga, enda vafasamt samkvæmt þeim greinum, hvort hér sé um úrskurðaratriði að ræða á þessu stigi málsins.

Komi það hins vegar upp í almennu refsímáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið refsivert sjó- eða verzlunarbrot, skal samkvæmt 3. mgr. 6. gr. fyrrnefndra laga rannsókn og meðferð þess brots eða þeirra brota sameina rannsókn og meðferð almenna brotsins eða almennu brotanna, sbr. í því efni til athugunar Hrd., bls. 601 og 593 (sic).

Þess er því krafizt, að rannsókn máls þessa, sem hafin var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 16. maí s.l., verði fram haldið í sakadómi Reykjavíkur í samræmi við fyrri kröfur þessa embættis til dómsins.“

Samkvæmt vottorði skipaskoðunarstjóra, dags. 29. f. m., er Jón Gestsson, GK 341, smíðaður í Bátastöðinni á Akranesi 1962 og hefur vél Ford-B. H. K.-Diesel, 54 h. ö. Lengd bátsins er 10.30 m, breidd 2.96 og dýpt 1.31 metri. Eigandi er Gestur Elías Jónsson.

Kemur þá til athugunar, hvort unnt er að verða við framangreindri kröfu saksóknara ríkisins um yfirheyrzlu nokkurra vitna í sakadómi Reykjavíkur í máli þessu. Við mat á því þykir verða að hafa í huga eftirtalin atriði:

1. Í 206. gr. 3. mgr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði er svo mælt fyrir, að ef skip hefur farizt, beðið tjón eða lent í háska að öðru leyti, beri sjó- og verzlunardómi að rannsaka eftir föngum öll þau atriði, er máli skipta, svo sem um skip og útbúnað þess, farm framferði skipstjóra og skipshafnar o. s. frv. Samkvæmt 47. gr. 3. mgr. laga nr. 50 31. júlí 1959 um eftirlit með skipum annast hinir reglulegu sjó-dómar sjópróf og rannsóknir sjóslysa, en samkvæmt 4. mgr. sömu greinar fer þó siglingadómur á I. eftirlitssvæði (sbr. 13. gr. laganna) með rannsókna, en getur falið hana sjódomi, þar sem skip er statt, ef um lítilræði er að ræða eða sérstaklega stendur á.

2. Í fyrrgreindri lögregluskýrslu Ólafs L. Baldurssonar, sem samkvæmt fyrirsögn er um „bátsstrand, björgun og ölvun við stjórn báts“, er lýst sjóslysi, sem siglingadómur eða sjódómur skal rannsaka. Sér í lagi þarf að rannsaka, hvort kærði hefur orðið valdur að sjóslysinu með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi sínu og þannig gerzt brotlegur gegn 239. gr. siglinga-

laga nr. 66 31. desember 1963 og þá í því skyni rannsaka meðal margra annarra atriða, hvort hann hefur verið undir áhrifum áfengis við það tækifæri og þar með einnig brotið gegn 24. gr. 1. mgr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58 24. apríl 1954. Fyrirnefnda brotið varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum auk réttindamissis, ef um stórfellt brot er að ræða, en hið síðarnefnda aðeins smávægilegum sektum auk réttindamissis.

3. Það þykir ekki mega skilja bréf saksóknara ríkisins, dags. 13. f. m., á þann veg, að þess sé krafizt, að sakadómur rannsaki alla mögulega refsipætti eða brot þessa máls, heldur að dómurinn rannsaki aðeins meint brot kærða gegn 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, eða með öðrum orðum meinta stjórn hans á bátnum undir áhrifum áfengis.

Rökstuðningur saksóknara ríkisins fyrir þeirri kröfu sinni, að sakadómur Reykjavíkur rannsaki meint brot kærða gegn 24. gr. áfengislaganna er sá, að í 49. gr. laganna er svo mælt fyrir að fara skuli með mál út af brotum á þeim „að hætti opinberra mála“. Dómurinn telur, að ákvæði þetta beri að skilja með sama hætti og ákvæði 47. gr. 5. mgr. laga nr. 50/1959, sbr. 2. gr. a-lið laga nr. 24 7. apríl 1962 um breyting á þeim lögum, þar sem svo er mælt fyrir, að öll sjópróf fari fram að hætti opinberra mála. Í hvorugu tilvikinu er verið að mæla fyrir um, hvaða dómstóll skuli fara með þar greind mál eða próf, heldur er í báðum tilvikum verið að mæla fyrir um, hvaða réttarfarsreglur og réttarfar skuli gilda við dómpróf og meðferð máls.

4. Í bréfi, dags. 4. þ. m., skírskotar saksóknari ríkisins enn fremur til 25. gr. 3. mgr. laga nr. 82/1961 fyrirnefndri kröfu sinni til stuðnings.

Dómurinn fær eigi séð, að stuðning fyrir kröfunni sé að finna í þessu ákvæði. Þessi málsgrein 25. gr. og aðrar greinar í IV. kafla laga nr. 82/1961 mæla fyrir um rannsóknarstað máls og varnarþing. Fyrirnefnd málsgrein varðar ekki það efni, hvort sakadómur, sjódómur eða siglingadómur skuli rannsaka mál, heldur rannsóknarstað, þ. e. hvaða sakadómur skuli rannsaka sakadómsmál, t. d. hvort mál skuli rannsaka í sakadómi Reykjavíkur eða í sakadómi Kópavogs.

5. Í bréfi saksóknara ríkisins, dags. 29. júní sl., segir m. a.: „ . . . upplýsa þarf, hvaða bátur það var, sem dró bát kærða að landi, eftir að hann tók að reka út frá Gróttu,“ og í bréfi sama, dags. 13. f. m., segir m. a.: „ . . . en óupplýst er í málinu, hvaða bátur það var.“

Dómurinn fær ekki séð, að hér séu að finna nokkur rök fyrir því, að þetta atriði eigi á þessu algera frumstigi málsins að rannsaka í sakadómi frekar en í siglingadómi eða í sjódómi. Þvert á móti gæti hér verið um að ræða björgun eða aðstoð við bát, sem lent hefur í sjóslysi og því rannsaka skal í siglingadómi eða sjódómi. Þá þykir alls ekki vera tímabært að fullyrða að „óupp-lýst“ sé um, hvaða bát hér var um að ræða, því að eftir er að yfirheyra Ólaf L. Baldursson lögreglumann og lögreglumenn nr. 14 og nr. 114, sem á vettvang fóru, svo og skipverja á dráttarbatnum Jötni um bát þennan. Ef hins vegar kæmi fram í siglingadómi eða sjódómi við yfirheyrslu lögreglumannanna þriggja og skipverjanna á Jötni, að þeir gætu ekki gefið nógu glöggar upplýsingar um bátinn, þannig að dómstóll gæti ekki kvatt skipverja hans fyrir sig, væri eðlilegt, að dómstóllinn leitaði til yfirstjórnar lögreglunnar í því skyni, að hún reyndi að hafa upp á bátnum og skipverjum hans í þetta skipti. Þá aðstoð mundi rannsóknarlögreglan í Reykjavík, sem lýtur yfirstjórn yfirsakadómara, að sjálfsögðu láta í té, ef um væri beðið. Er það allt annað mál en það, „að teknar verði í sakadómi Reykjavíkur skýrslur af framangreindum vitnum“, eins og krafizt er í bréfi saksóknara ríkisins, dags. 13. f. m.

6. Þess var getið hér að framan, að kærði Gestur Elías var yfirheyrður í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu um málsatvik, og voru engir meðdómsmenn tilkvaddir. Þetta dómþing og rannsóknarhættir við það þykja ekki leiða til þess, að af þeim ástæðum sé skylt eða rétt að láta frekari rannsókn málsins fram fara í sakadómi, en ekki í siglingadómi eða sjódómi.

7. Í meðferð hvers máls, sem siglingadómur fer með, taka þátt auk formanns fjórir dómendur með sérþekkingu, sbr. nánar 45. gr. laga nr. 50/1959. Í meðferð hvers máls, sem sjódómur fer með, taka þátt auk formanns tveir dómendur með sérþekkingu, sbr. nánar 201. gr. laga nr. 85/1936.

Ef til vill mætti hreyfa því, að sakadómur, sem skipaður væri auk reglulegs dómara tveimur sérkunnáttumönnum samkvæmt heimild í 5. gr. 3. mgr. laga nr. 82 21. ágúst 1961 um meðferð opinberra mála, væri bær um að fara með mál í stað siglingadóms eða sjódóms. Á þetta verður eigi fallizt vegna hinna áðurgreindu skýlausu lagafyrirmæla um tvo síðastnefndu dómstóla, þar sem meðal annars kemur fram, að meðdómendur í þeim eru hverju sinni valdir (fyrst og fremst) úr hópi manna, sem dóms-

málaráðherra skipar, en svo er ekki um meðdómendur í saka-dómi.

8. Ætla má, að það, hvort kærði var undir áhrifum áfengis við stjórn bátsins, geti skipt máli um orsakir að strandi hans svo og um það, hvort talið yrði, að kærði hefði orðið valdur að því með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi sínu. Það rannsókn-aratriði, hvort kærði var undir áhrifum áfengis, er svo ofið saman við önnur rannsóknarefni málsins, að vart verður þar greint á milli. Eðli málsins samkvæmt á því einn og hinn sami dómstóll að hafa á hendi rannsókn málsins í heild.

9. En þó að reynt væri að kljúfa í sundur rannsóknarefni máls þessa og tveir dómstólar færu með sinn hvorn rannsóknarhluta, væru það óhagkvæm vinnubrögð, sem valdið gætu tvíverknaði, með því að báðir dómstólarnir færu að rannsaka sama atriðið, eða þá torveldun rannsóknar á þann veg, að hvorugur dómstóll-inn rannsakaði nauðsynlegt atriði, af því að hvor þeirra héldi, að hinn mundi gera það.

10. Hér við bætist, að rannsókn tveggja dómstóla á málinu yrði til þess, að kærða og vitnum yrði bökuð fyrirhöfn og mögu-leg óþægindi með því að skylda þau til að mæta fyrir tveimur dómstólum á sitt hvorum stað og á sitt hvorum tíma, sem komast mætti hjá, ef einn dómstóll færi með rannsókn málsins. Þá hlyti tveggja dómstóla rannsókn að tefja rannsóknina.

11. Ef svo færi, að höfðað yrði refsímál á hendur kærða Gesti Elíasi út af sjóslysinu, væri það hlutverk siglingadóms að dæma og eftir atvikum að rannsaka málið, sbr. 46. gr. laga nr. 50/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 24/1962, en ef fullnægt væri skilyrðum 47. gr. mætti fela sjódómi rannsóknina, sbr. 47. gr. 4. mgr. laga nr. 50/1959. Í þessu falli gæti orðið vafamál um, í hve ríkum mæli unnt væri að leggja til grundvallar í málinu rannsókn sakadóms án endurprófunar fyrir siglingadómi eða sjódómi.

12. Af ákvæðum 6. gr. 2. mgr. laga nr. 82/1961 þykir mega leiða það, að ef uppvíst verður í siglingadómsmáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið aðra refsiverða háttsemi, skuli þá einnig rannsaka og dæma þá háttsemi í þeim dómi ásamt siglingadómsbrotunum.

Á hinn bóginn þykir ekki fært að draga ályktanir af 6. gr. 3. mgr. nefndra laga um mál þetta, eins og gert er í bréfi sak-sóknara ríkisins, dags. 4. þ. m., þar sem hér er ekki um að ræða „almennt refsímál“, heldur sjóslys og atvik að því — enda verður vart séð, hvernig sakadómur ætti að „nefna meðdóm-

endur samkvæmt 1. málsgrein“ þeirrar lagagreinar, þar sem yfirborgardómari er formaður siglingadóms og sjódóms Reykjavíkur.

13. Niðurstöður dómstóla og lagaframkvæmd ákærvalds þykja vera því til styrktar, að mál þetta sé ekki rannsakað í sakadómi, heldur í siglingadómi eða sjódómi.

Nefndir verða þessir dómar:

a. Mál var risið af verzlunarviðskiptum umboðs- og heildsala annars vegar og verksmiðjueiganda hins vegar. Sjó- og verzlunardómur átti því að fara með málið og dæma það, sbr. 200. gr. 2. tl. laga nr. 85/1956. Héraðsdómari fór hins vegar með málið og dæmdi það á bæjarþingi án samdómsmanna. Bæjarþingsdómurinn og meðferð málsins frá þingfestingu þess voru því ómerkt. Hrd. XVIII, bls. 51 o. áfr.

b. Siglingadómur fer með mál á hendur skipstjóra, sem sakaður var um að hafa með vanrækslu í starfi valdið sjóslysi og ákærður var um að hafa gerzt brotlegur gegn 261. gr. siglingalaga nr. 56/1914 og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hrd. XXVII, bls. 189 o. áfr., sbr. Hrd. XXI, bls. 404 o. áfr., Hrd. XXIV, bls. 587 o. áfr., og Hrd. XXVI, bls. 83 o. áfr.

c. Loks þykir rétt að geta máls þess, sem fjallað er um í dskj. nr. VIII. Sjó- og verzlunardómar Ísafjarðar, Vestur-Ísafjarðarsýslu, og Reykjavíkur rannsökuðu meinta siglingu vélstjóra nokkurs undir áhrifum áfengis á mótorbáti einum, óheimila töku hans á bátnum svo og strand hans í Súgandafirði. Með ákæru, dags. 27 maí 1964, höfðaði saksóknari ríkisins mál fyrir siglingadómi gegn vélstjóranum fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940, áfengislögum nr. 58/1954, lögum nr. 66/1946 og sjómannalögum nr. 41/1930, sbr. lög nr. 67/1963. Hinn 23. júní s.l. tók siglingadómur málið til dómsálagningar samkvæmt ákærinni.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og með því að saka-dómur Reykjavíkur vill ekki gera neitt það, sem fallið er til þess að ganga á rétt og skyldu siglingadóms og sjódóms til að fara með mál samkvæmt gildandi íslenskri dómaskipan og lagaframkvæmd, synjar dómurinn kröfu saksóknara ríkisins um framangreinda dómsrannsókn.

Ályktarorð:

Sakadómur Reykjavíkur synjar kröfu saksóknara ríkisins um að heyja dómsrannsókn þá, sem getur í fyrrgreindu

bréfi hans, dags. 13. f. m., sbr. bréf hans, dags. 29. júní s.l. og 4. þ. m.

Priðjudaginn 27. september 1966.

Nr. 146/1966. **Gunnar M. Guðmundsson**

gegn

Matthíasi Einarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun máls frá héraðsdómi.

Með kæru 15. júní 1966, sem Hæstarétti barst hinn 27. júlí s. á., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur í máli þessu á hendur varnaraðilja. Krefst saksóknari þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Hinn 27. desember 1964 gaf Teppi h/f út tvo víxla á hendur varnaraðilja, hvorn að fjárhæð kr. 12.015.00, annan til greiðslu 10. febrúar 1965, en hinn til greiðslu 27. febrúar 1965. Samþykkti varnaraðili víxla þessa. Teppi h/f framseldi víxlana Iðnaðarbanka Íslands h/f. Var fyrrnefndi víxillinn afsagður sökum greiðslufalls hinn 12. febrúar 1965, en hinn síðarnefndi hinn 2. marz 1965. Fyrrnefnda víxillinn leysti Teppi h/f til sín hinn 25. febrúar 1965, en hinn síðarnefnda hinn 7. apríl 1965. Eru vottorð bankans um innlausnina rituð á víxlana. Hinn 22. apríl 1966 sendi Teppi h/f hvorn tveggja víxilinn sóknaraðilja máls þessa til innheimtu á hendur varnaraðilja, sem er samþykkjandi þeirra. Hvorki ritaði Teppi h/f innheimtuframsal til sóknaraðilja á víxlana, sbr. 18. gr. laga nr. 93/1933, né almennt framsal til hans, sbr. 20. gr. sömu laga.